

Alþingi
Erindi nr. P 139/1959
komudagur 19.4.2004

Félagsmálanefnd.

Húsnæðismál, ^{829.}~~755.~~ mál.

Varðandi spurninguna um það hversu oft og hversu mikið hafi reynt á greiðslujöfnunina er eftirfarandi að segja.

Við eigum því miður ekki fyrirbyggjandi upplýsingar um það hversu mikið hefur verið lagt inn á þessa greiðslujöfnunarreikninga og þar af leiðandi ekki hægt að svara þessu með neinni nákvæmni.

Hins vegar er það þannig að það reynir ekki á að þessi greiðslujöfnun hjálpi skuldurum nema þegar það ástand varir að hækkun neysluvísitölunnar er meiri en hækkun launavísitölunnar og sem björgunaraðgerð til að forða skuldara frá greiðsluþroti verður ekki nein virkni að ráði nema þessi munur sé þeim mun meiri. Slíkt ástan hefur nú ekki verið upp í áratug eða meira. Í staðinn hafa skuldarar verið að greiða niður þá greiðslujöfnunarreikninga sem hafa mindast í tengslum við sum lánin okkar og eru þeir nú í mörgum tilfellum uppgreiddir. Þetta hefur maður séð þegar maður hefur þurft að skoða nánar lán einstakra skuldara.

Greiðslujöfnunin er því varla að virka sem hjálparaðgerð til að forða tjóni nema við mjög öfgafullar aðsæður í breytingu á verðlagi og þó við höfum lifað slíkt öfgafullt tímabil þá stóð það ekki lengi og mun fyrirsjáanlega ekki geta staðið lengi án þess að til verulegs efnahagslegra þrenginga komi fyrir efnahagslíf allra landsmanna og við þær aðstæður myndi greiðslujöfnunin stuðla að hugsanlegu greiðsluþroti Íbúðalánasjóðs, þar sem sjóðurinn verður að standa að fullu við sínar skuldbindingar á sama tíma og skuldarar sjóðsins þyrftu þess ekki.

Auk þess hefur greiðslujöfnunin þau óhagstæðu áhrif í för með sér að yfirsýn skuldara yfir lán sín og þróun þeirra hverfur. Útreikningur greiðslujöfnunarinnar er flókið fyrirbæri og ekki á færi annara að reikna en þeirra sem vel þekkja til vísitölu og vaxtaútreikninga. Þannig eru því endurútreikningar á þeim skuldum sem hafa notið greiðslujöfnunar eftirá til útskýringa fyrir skuldara nær ómöguleg. Greiðslujöfnunin torveldar því skuldaranum áætlanagerð sína og yfirsýn yfir fjármál hans.

Geta má þessi hér í lokin að greiðslujöfnun þessi hefur aldrei verið við lýði í húsbrefakerfmu og hefur á þeim 15 árum sem það kerfi hefur starfað ekki orðið vart við nein vandamál vegna þess að greiðslujöfnunin sé ekki til staðar.

Kveðjur
SGeirsson
Fjárstýringarsvið Íbúðalánasjóðs